

Lög

um breytingu á lögum um menningarminjar, nr. 80/2012 (aldursfriðun húsa og mannvirkja).

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

- Í stað orðanna „eru 100 ára eða eldri“ í 1. mgr. kemur: byggð voru árið 1923 eða fyrr.
- Við 2. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Stofnuninni er heimilt að setja skilyrði um slíkar framkvæmdir eða gera tillögu um friðlýsingu umrædds húss eða mannvirkis.

2. gr.

Í stað ártalsins „1925“ í 1. másl. 1. mgr. 30. gr. laganna kemur: 1940.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2023.

Samþykkt á Alþingi 16. desember 2022.